

Alþingi  
Erindi nr. P 136/296  
komudagur 3.12.2008

Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

2. desember 2008  
Tilvísun: 2008110034

**Umsögn um frumvarp til laga um fjármálafyrirtæki, 14. mál, kaup viðskiptabanka á hlutabréfum.**

Fjármálaeftirlitið vísar til bréfs yðar, dags. 11. nóvember 2008, þar sem óskað er umsagnar Fjármálaeftirlitsins um frumvarp til laga um fjármálafyrirtæki, 14. mál, kaup viðskiptabanka á hlutabréfum.

Með lagafrumvarpinu er lagt til að þrengri skorður verði settar svokallaðri hliðarstarfsemi viðskiptabanka, sparisjóða og lánaþyrirtækja, sbr. 21. gr. laganna.

Fjármálaeftirlitið hefur yfirfarið frumvarpið og hefur eftirfarandi athugasemdir:

**1. gr.**


Fjármálaeftirlitið telur óljóst hvað er átt við með því að fjármálafyrirtæki geti einungis fengið eina tegund starfsleyfis. Fjármálafyrirtæki fá útgefna eina tegund starfsleyfis en í mörgum tilvikum hefur viðkomandi fyrirtæki starfsheimildir sem falla undir fleiri en eina tegund starfsleyfis.

**2. og 3. gr.**

Fjármálaeftirlitið getur tekið undir mál flutningsmanna að skoða þurfi ákvæði er varða hliðarstarfsemi viðskiptabanka og sparisjóða til þess að kanna hvort að setja þurfi slíkri starfsemi þrengri skorður. Hins vegar telur Fjármálaeftirlitið ekki rétt að slík skoðun fari fram sjálfstætt án þess að önnur ákvæði laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki séu skoðuð til samræmis. Fjármálaeftirlitið telur rétt að slíkt verði gert í boðaðri heildarskoðun á löggjöf um fjármálafyrirtæki.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

  
Jonas Fr. Jónsson

  
Helga Rut Eysteinsdóttir